



PERSÓNUVERNDARSTEFNA SFF

I. Almennt

Persónuvernd þín skiptir SFF miklu máli. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum sambærilegum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu SFF. Einnig fá ný aðildarfyrirtæki tækifæri til að kynna sér persónuverndarstefnuna þegar þau ganga í samtökin .

II. Persónuverndarlöggjöf

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma. Lögin taka m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

III. Ábyrgð

SFF bera ábyrgð á skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni. SFF, með skráða skrifstofu í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, eru löglegir stjórnendur persónuupplýsinganna sem þú veitir samtökunum. Hægt er að hafa samband við skrifstofu samtakanna með því að senda skriflega fyrirspurn á sff@sff.is

IV. Söfnun og notkun persónuupplýsinga

Þú getur skoðað og notað vefsvæði SFF án þess að gefa upp nokkrar persónulegar upplýsingar, þar með talið netfangið þitt. SFF nota vefkökur (e.cookies) í þeim tilgangi að bæta vefsíðu sína og gera aðgengilegri fyrir notendur. SFF safna ekki upplýsingum sem vafri þinn sendir frá sér þegar þú nýtir þér þjónustu samtakanna, þ.e. gögn sem geta falið í sér upplýsingar eins og IP-tölu þína, tegund vafra, útgáfu vafra, síður þjónustunnar sem þú heimsækir, tíma og dagsetningu heimsóknar þinnar, þann tíma sem þú varðir á þessum síðum og önnur talnagögn.

Við skráningu í SFF óska samtökin eftir nafni, netfangi og símanúmeri forsvarsmanns fyrirtækisins og tengiliðum vegna vinnuhópa sem óskað er eftir þátttöku í í starfsemi samtakanna. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að tryggja samskipti við fulltrúa innan fyrirtækisins, til að svara fyrirspurnum þínum og bregðast við óskum eða athugasemdum og til að fulltrúar fyrirtækja geta tekið þátt í starfsemi sem fer fram hjá samtökunum og til að fulltrúar fyrirtækja geta nýtt sér kosningarétt í samræmi við samþykktir samtakanna. Slík söfnun á persónuupplýsingum skal þó ekki ganga lengra en þörf er á hverju sinni. SFF afla þessara upplýsinga í trausti þess forsvarsmenn fyrirtækisins hafi fengið samþykki frá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir vinnslunni og hafi vakið athygli þeirra á persónuverndarstefnu þessari.

Persónuupplýsingar þínar eru einnig notaðar af SFF þegar samtökin senda út fréttabréf samtakanna og þegar sendur er út tölvupóstur til þín með efni sem kann að vekja hjá þér áhuga, t.d. fréttir um viðburði á



vettvangi samtakanna, ráðstefnur, málstofur, félagsfundi eða sérstakar kynningar. Þá geta einstaklingar, sem ekki eiga aðild að SFF, óskað eftir því að vera skráðir á póstlista samtakanna í sama tilgangi.

Ef þú kærir þig ekki um slíkar póstsendingar, eftir að hafa skráð þig á póstlista SFF, skaltu senda tilkynningu þess eðlis á pósthfangið sff@sff.is eða afskráð þig í gegnum hnapp á útsendu efni.

SFF nýta persónuupplýsingar þínar til að veita og bæta þjónustuna. Þú samþykkir söfnun og notkun upplýsinga í samræmi við þessa stefnu með því að nota þjónustu SFF eða skráir upplýsingar um þig hjá samtökunum. Með því að veita SFF persónuupplýsingar eftir að hafa kynnt þér persónuverndarstefnu samtakanna, samþykkir þú skilmála og skilyrði stefnunnar

V. Miðlun

Rík áhersla er lögð á að varsla persónuupplýsinga sé ávallt með ábyrgum hætti. Persónuupplýsingar verða ekki aðgengilegar öðrum aðilum en starfsfólki SFF.

Við seljum, leigjum eða deilum aldrei persónuupplýsingum um þig. Við miðlum ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila án þess að samþykki þitt fyrir miðluninni liggi fyrir. Þér er frjálst að hafna slíkri miðlun nema þar sem okkur er það skylt samkvæmt lögum eða í þeim tilvikum þar sem það telst nauðsynlegt til að hafa uppi eða verjast réttarkröfu. Þó er athygli þín vakin á því að allt efni sem þú birtir eða deilir á samfélagsmiðlasíðum okkar eru opinberar upplýsingar.

VI. Þriðju aðilar

Þjónusta SFF og efni á heimasíðu samtakanna getur haft að geyma tengla á aðrar síður sem SFF stjórna ekki. Smellir þú á tengil frá þriðja aðila, verður þér beint á síðu þess þriðja aðila. SFF mæla eindregið með því að þú skoðir persónuverndarstefnu hvernar síðu sem þú heimsækir.

Persónuverndarstefnan nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðju aðila þar sem við höfum enga stjórn né berum ábyrgð á notkun, birtingu eða annarri vinnslu þeirra á persónuupplýsingum. Við hvetjum þig því eindregið til að kynna þér persónuverndarstefnu þeirra aðila sem þú heimsækir, þ. á m. vefhýsingaraðilum þeirra síðna sem geta vísað á okkar, t.d. hugbúnaðarfyrirtækja á borð við Facebook, Apple, Google og Microsoft ásamt þeirri greiðsluþjónustu sem þú kýst að nota.

VII. Verndun

SFF leggja mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar. SFF munu tilkynna án ótilhlýðilegrar tafar ef það kemur upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingarnar þínar og hefur í för með sér mikla áhættu fyrir þig. Með öryggisbroti er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmastrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Athygli þín er þó vakin á því að þú berð ábyrgð á persónuupplýsingum, t.d. nafni, kennitölu og mynd, sem þú kýst að deila eða senda á almennum vettvangi t.d. í gegnum Facebook síðu SFF. Við viljum einnig taka fram að gagnaflutningur á internetinu er aldrei fullkomlega öruggur. Þér er því bent á að láta okkur umsvifalaust vita ef þú telur hættu á að tiltekna upplýsingar sem þú hefur gefið okkur séu í hættu.



VIII. Varðveisla

SFF reyna eftir fremsta megni að halda persónuupplýsingum um þig nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum. Við varðveitum persónuupplýsingar um þig í að hámarki tvö ár frá úrsögn fyrirtækisins úr samtökunum nema þú hafir með samþykki þínu veitt okkur heimild til að varðveita þær lengur eða ef okkur er það nauðsynlegt til að uppfylla lagaskyldu eða gæta lögmætra hagsmuna. Sama gildir um aðrar persónuupplýsingar sem þú afhendir okkur t.d. í tengslum við starfsumsókn eða setu í nefnd, ráði eða vinnuhóp á vegum ríkisstofnunar eða annarsstaðar þar sem SFF eiga fulltrúa í. Við munum fara yfir allar persónuupplýsingar um þig einu sinni á ári og endurskoða hvort okkur sé heimilt að varðveita þær áfram. Ef við ákveðum að okkur sé ekki heimilt að varðveita þær áfram, munum við hætta allri vinnslu með persónuupplýsingarnar frá þeim tíma. Ef möguleiki er á að það kunni að vera þörf fyrir persónuupplýsingarnar síðar til að uppfylla lagaskyldur, t.d. gagnvart stjórnvöldum, eða til að höfða eða verjast réttarkröfu, munum við taka afrit af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og varðveita þær á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

IX. Réttindi þín

Þú átt rétt á og getur óskað eftir tilteknum upplýsingum með því að senda skriflega fyrirspurn á sff@sff.is. Einstaklingar hafa rétt á að beina eftirfarandi fyrirspurnum til SFF vegna skráningar samtakanna á upplýsingum:

- a. að fá að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar um þig og hvernig þær eru tilkomnar og fá aðgang að persónuupplýsingunum,
- b. að fá upplýsingar um hvernig persónuupplýsingar um þig séu unnar,
- c. að persónuupplýsingar um þig séu uppfærðar og leiðréttar,
- d. að persónuupplýsingum um þig sé eytt, ef ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær,
- e. að andmæla og/eða takmarka hvernig persónuupplýsingar séu unnar,
- f. að fá afhendar persónuupplýsingar sem þú hefur látið okkur í té eða að þær séu sendar beint til annars aðila með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra setja,
- g. að afturkalla samþykki þitt til vinnslu þegar vinnsla byggist á þeirri heimild með sama hætti og þú gafst það eða með því að senda á okkur skriflega fyrirspurn,
- h. að fá upplýsingar um hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatataka, þ.m.t. gerð persónusniðs og um þau rök sem þar liggja að baki og einnig þýðingu og fyrirhugaðar afleiðingar slíkrar vinnslu.



Samtök
fjármálafyrirtækja

Beiðni þín verður tekin til greina og þér afhentar upplýsingarnar, þegar það á við, innan hæfilegs tíma, þó með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra gera, þ.m.t. vegna viðskiptaleyndarmála og hugverkaréttinda. Þér verður tilkynnt og gefin skýring á ef töf verður á afgreiðslu eða ef ekki er unnt að verða við beiðninni að fullu eigi síðar en mánuði frá móttöku hennar. Þú getur kvartað til Persónuverndar ef við neitum að afhenda þér ákveðnar upplýsingar.

X. Persónuvernd barna

Persónuupplýsingum um börn yngri en 13 ára er ekki safnað.

SFF reka verkefnið Fjármálavit sem er fræðsluvettvangur með áherslu á námsefni í fjármálalæsi fyrir ungmenni á aldrinum 13 – 15 ára. Í tengslum við verkefnið er unnið með ákveðnar persónuupplýsingar um þátttakendur og er þeirri vinnslu lýst í fræðslustefnu Fjármálavits.

XI. Breytingar á persónuverndarstefnu SFF

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. SFF munu tilkynna um allar breytingar með því að birta nýja persónuverndarstefnu á heimasíðu samtakanna. Þér er því ráðlagt að kynna þér persónuverndarstefnuna reglulega en breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu SFF. Þegar efnislegar breytingar eru gerðar sem kunna að hafa þó nokkur áhrif á réttindi þín munum við tilkynna sérstaklega um þær. Við tökum öllum athugasemdum um persónuverndarstefnuna fagnandi og hvetjum þig til að senda okkur fyrirspurn.